

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 18. september 2008 í máli nr. S-340/2008:

### Ákærvaldið

*(Arnþrúður Þórarinsdóttir fulltrúi)*

**gegn**

**A**

*(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 1. september sl., er höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 6. mars 2008 á hendur [A], fyrir brot gegn lögum um happdrætti, með því að hafa sem framkvæmdastjóri [B], keypt auglýsingapláss fyrir vefsíðuna [D] og þannig borið ábyrgð á birtingu auglýsinga vefsíðunnar, sem býður upp á þátttöku í veðmálum, pókerspili og öðru happdrætti, sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir skv. lögum um happdrætti nr. 38/2005. Auglýsingarnar voru birtar, sem hér greinir:

1. Á sjónvarpsstöðvunum Sýn og Sýn Extra alls 516 sinnum á tímabilinu 28. mars – 31. desember 2006.
2. Á sjónvarpsstöðvunum NFS og Stöð 2 alls 57 sinnum á tímabilinu 12. – 27. september 2006.
3. Á sjónvarpsstöðinni Sirkus alls 287 sinnum á tímabilinu 19. október - 23. desember 2006.
4. Á sjónvarpsstöðinni Skjá sporti alls 76 sinnum á tímabilinu 9. september 2006 – 31. janúar 2007.

Er þetta talið varða við b-lið 1. mgr. 11. gr. laga um happdrætti nr. 38/2005, sbr. c-lið 26. gr. útvarpslaga nr. 53/2000.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu. Þá er þess krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, greiðist úr ríkissjóði.

### *Málavextir*

Upphaf máls þess má rekja til þess að með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 29. mars 2006, var þess farið á leit við lögreglustjórann í Reykjavík að hafin yrði rannsókn á birtingu auglýsinga vegna happdrættis- og spilastarfsemi frá [D]. Hefði auglýsandinn ekki fengið útgefið tilskilið leyfi til happdrættisrekstrar af neinu tagi og hafi hann því með birtingu auglýsinganna gerst brotlegur við 11. gr. laga um happdrætti nr. 28/2005. Var þess og óskað að lögreglan eftir atvikum hlutaðist til um að auglýsingar af þessu tagi yrðu stöðvaðar. Þá barst lögreglustjóranum í Reykjavík bréf frá Heimi Erni Herbertssyni hrl. f.h. Íslenskra Getrauna, dags. 19. júní 2006, þar sem vakin var athygli á því að erlendir veðbankar, sem starfræktu veðbanka sína á netinu, þar á meðal [DD], hefðu auglýst þjónustu sína í íslenskum fjölmiðlum. Var farið fram á að lögreglustjórinn hlutaðist til um að þetta yrði stöðvað.

Í kjölfar ofangreindra tilkynninga yfirheyrði lögregla ákærða, sem framkvæmdastjóra [B], og [E], framkvæmdastjóra [EE]. Þá var rætt við Helga Björn Kristinsson, framkvæmdastjóra tekjusviðs 365-miðla ehf., Ara Edwald, forstjóra 365-miðla ehf. og 365 hf. og Magnús Ragnarsson framkvæmdastjóra hjá Skjánum.

### *Skýrslur fyrir dómi*

Ákærði hefur neitað sök. Kvaðst hann vera eigandi fyrirtækisins [B]. að hluta og jafnframt framkvæmdastjóri þess. Fyrirtækið annist ráðgjöf til fyrirtækja um hvar best sé að birta auglýsingar. Væri framkvæmdin yfirleitt þannig að [B] gerði tillögu til auglýsandans um hvenær auglýsingar skyldu birtar í tilteknum fjölmiðli. Væri tillagan samþykkt annaðist [B] pöntun á auglýsingatíma hjá fjölmiðlinum í samræmi við hana. Í flestum tilvikum semdi viðkomandi auglýsandi sjálfur um greiðslu fyrir birtinguna eða fengi sérstakan aðila til þess að annast þann þátt málsins. Í því tilviki sem hér um ræddi taldi ákærði að fyrirtækið [EE]. hefði í upphafi samið um hvaða afslætti [DD] fengi og síðan fengið [B] til aðstoðar við birtingarmálin. Það væri svo auglýsandinn sem sæi sjálfur um að senda auglýsinguna til fjölmiðilsins, oft fyrir milligöngu einhvers annars aðila, en alla vega án milligöngu [B]. Það væri hins vegar [B] sem annaðist milligöngu um

greiðslur til fjölmiðilsins og væri sá kostnaður rukkaður áfram hjá viðkomandi auglýsanda, að viðbættri þóknun sem [B] fengi í sinn hlut fyrir þjónustuna.

Aðspurður kvaðst ákærði í þessu tilviki hafa vitað hvers eðlis þessar auglýsingar væru. Hefði hann því vitað hvaða starfsemi væri verið að auglýsa og hann hefði séð heimasíðu [DD]. Þá hefði hann séð erlendar útgáfur af auglýsingum frá [DD]. Þeir rækju leikja-, getrauna-, veðmálastarfsemi og skylda starfsemi. Ákærði sagðist ekki gera athugasemdir við það sem fram kæmi í ákæru um hvar auglýsingarnar hefðu verið birtar.

Vitnið [E] kvaðst vera framkvæmdastjóri [EE], sem væri markaðsfyrirtæki og veitti meðal annars faglega ráðgjöf um birtingar auglýsinga. Kannaðist hann við að hafa veitt [DD] slíka þjónustu vegna þeirra auglýsingabirtinga sem hér um ræðir. Kvað hann ekki vera einhlítt hvernig samskiptum væri háttað við þá fjölmiðla sem birta ættu auglýsingu. Í því tilviki sem hér um ræddi hefðu Klakar gefið markaðsupplýsingar og síðan leitað til viðkomandi fjölmiðla eftir samstarfi og samið um greiðslur fyrir þær. Ákærði hefði svo fyrir hönd [B] séð um að kaupa auglýsingaplássið og haft umsjón með birtingu auglýsinganna. Vitnið kvaðst hins vegar hafa fengið auglýsingarnar sjálfar sendar frá [DD] í gegnum netið og í framhaldi sent þær áfram um netið til viðkomandi fjölmiðils. Fjölmiðillinn sendi svo reikning fyrir birtinguna til birtingarhússins, [B], sem aftur fengi hann greiddan frá [DD].

Vitnið Helgi Björn Kristinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri tekjusviðs félagsins 365 hf., staðfesti að framlagt yfirlit yfir auglýsingar frá [DD] væri útprentað úr tölvukerfi 365. Væri yfirlitið merkt [B] þar sem það fyrirtæki væri tengiliður við fjölmiðilinn vegna auglýsinganna. Væru tengiliðirnir ýmist auglýsingastofur eða viðkomandi auglýsendur sjálfir.

Vitnið Magnús Ragnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Skjásins, kvað fyrirtækið [B] hafa annast milligöngu um birtingu umræddra auglýsinga frá [D]. Yfirleitt væri Skjárinn í tengslum við auglýsingastofur eða birtingarfélög og væru þá skrifaðir reikningar á þau. Staðfesti vitnið að reikningar vegna þessara auglýsinga hefðu allir farið til [B]. Þá kvað hann rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu að [B] hefði annast allar pantanir fyrir [DD]. Hafi þeir pantað auglýsingatíma, birtingar og lagt til auglýsingarnar eins og þær birtust. Hann sagði samt að misjafnt væri hvaðan sjálfar auglýsingarnar kæmu og kvaðst hann ekki vita hver hefði komið þeim á framfæri. Þeir sem keyptu hjá þeim auglýsingar sæju auðvitað um að þeir hefðu efni til birtingar. Vitnið staðfesti að framlagðir reikningar fyrir auglýsingum væru keyrðir út úr kerfi Skjásins.

## *Niðurstaða*

Í máli þessu liggur fyrir að auglýsingar fyrir vefsíðuna [D], þar sem boðið er upp á þátttöku í veðmálum, pókerspili og öðru happdrætti, hafa birst á tilgreindum sjónvarpsstöðvum eins og nánar er lýst í liðum 1-4 í ákæru. Kannast ákærði, sem framkvæmdastjóri [B], við að hafa annast milligöngu fyrir eiganda eða rekstraraðila vefsíðunnar gagnvart viðkomandi fjölmiðlum. Má af framburði hans ráða að í henni hafi falist að gera tillögur til [DD] um hvenær auglýsingar skuli birtar í tilteknum fjölmiðli og annast pöntun á auglýsingatíma í samræmi við hana. Hins vegar hafi ákvörðunin um að auglýsa vefsíðuna verið tekin af eiganda vefsíðunnar sem hafi jafnframt komið auglýsingunni sem slíkri á framfæri fyrir milligöngu íslenska fyrirtækisins [EE]. [B] hafi svo annast greiðslu til viðkomandi fjölmiðils vegna birtingarinnar og fengið þann kostnað svo endurgreiddan af [DD], að viðbættu þjónustugjaldi sínu. Hafi reikningar vegna þessa verið sendir til hlutafélagsins Mermaid Ltd. á Möltu.

Samkvæmt ákæru er ákærði talinn hafa, sem framkvæmdastjóri [B], gerst brotlegur við b-lið 1. mgr. 11. gr. laga um happdrætti nr. 38/2005, sbr. c-lið 26. gr. útvarpslaga nr. 53/2000, með því að hafa keypt auglýsingapláss fyrir ofangreinda vefsíðu og þannig borið ábyrgð á birtingu hinna tilgreindu auglýsinga þar sem boðið sé upp á þátttöku í veðmálum, pókerspili og öðru happdrætti sem ekki hafi verið veitt leyfi fyrir skv. greindum lögum um happdrætti.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna nr. 38/2005 er kveðið á um að óheimilt sé að reka happdrætti nema með leyfi sýslumanns eða öðruvísi sé mælt fyrir í lögnum og í 2. mgr. segir að óheimilt sé að reka happdrætti þar sem spilað sé um peninga eða peningaígildi nema samkvæmt sérstakri lagaheimild. Þá er í 1. mgr. 11. gr. laganna það látið varða sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður a) af ásetningi eða stórfelldu gáleysi rekur happdrættis- eða veðmálastarfsemi hér á landi án þess að hafa til þess happdrættisleyfi samkvæmt lögnum eða b) af ásetningi eða stórfelldu gáleysi auglýsir, kynnir eða miðlar hvers konar upplýsingum um happdrætti, sem ekki hafi verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögnum eða uppfylli skilyrði laganna.

Eins og framangreint ákvæði b-liðs 1. mgr. 11. gr. er upp sett, þykir það ekki verða

túlkað víðar en svo að einungis sé lýst refsivert að auglýsa, kynna eða miðla upplýsingum um þá starfsemi af greindum toga sem rekin sé hérlendis án tilskilins leyfis. Fyrir liggur í málinu tölvudiskur þar sem sjá má tvær þeirra auglýsinga sem ákært er fyrir. Sýnist með þeim auglýsingum einungis verið að vekja athygli á vefsíðunni [D], sem hægt sé að skoða meðal annars í íslenskrri þýðingu, og þeim möguleikum sem þar sé boðið upp á til að taka þátt í veðmálum og leikjum af ýmsu tagi. Liggur ekkert annað fyrir í málinu en að umrædd vefsíða sé hýst erlendis og að sú starfsemi sem hún kynnir fari að öllu leyti fram utan íslenskrar lögsögu. Þar

sem ekkert er fram komið um að með umræddum auglýsingum sé verið að kynna happdrættis- eða veðmálastarfsemi sem rekin er héraðs án tilskilins leyfis, verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af ákæru í máli þessu.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 249.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu ákæruvaldsins var málið flutt af Arnþrúði Þórarinsdóttur, fulltrúa lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Dóm þennan kveður upp Ásgeir Magnússon héraðsdómari.

#### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, [A], er sýkn af ákæru í máli þessu.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 249.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Ásgeir Magnússon